



5. FUNDUR Í SVEITARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 3. desember 2014, kl. 17:00

Sveitarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 5. fundar miðvikudaginn 3. desember 2014 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi. Forseti sveitarstjórnar, Valgarður Hilmarsson, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn S. Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Þorsteinn Þorsteinsson, endurskoðandi Blönduósbæjar sat fundinn undir liðum 1-3.

Dagskrá:

1. **Viðaukar við fjárhagsáætlun 2014**
2. **Fjárhagsáætlun 2015 – síðari umræða**
3. **Fjárhagsáætlun 2016-2018 – síðari umræða**
4. **Staðfesting deiliskipulags**
5. **Samþykktir um úthlutun byggingarlóða á Blönduósi – síðari umræða**
6. **Fundargerðir:**
 - a) **Byggðaráðs frá 18. nóvember 2014**
 - b) **Byggðaráðs frá 24. nóvember 2014**
 - c) **Byggðaráðs frá 26. nóvember 2014**

Afgreiðslur:

1. **Viðaukar við fjárhagsáætlun 2014**

Lagðir voru fram viðaukar við fjárhagsáætlun ársins 2014 ásamt yfirliti yfir áhrif viðaukanna á rekstur og sjóðsstreymi. Um er að ræða 9 viðauka, 4 viðaukar hafa þegar verið samþykktir af byggðaráði og staðfestir af sveitarstjórn.

Viðauki 5: Sala á Árbakkanum. Samþykkt er tilboð að upphæð 14.100.000 króna. Breytingin er færð á eigið fé. Viðaukinn borin undir atkvæði og samþykkur samhljóða með 7 atkvæðum.

Viðauki 6: Fallið frá sölu á íbúð sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2014. Breytingin er færð á eigið fé. Viðaukinn borin undir atkvæði og samþykkur samhljóða með 7 atkvæðum.

Viðauki 7: Samþykkt að taka tilboði í frágang klæðningar á Aðalgötu. Framkvæmdir hækka um 4.100.000 króna. Breytingin er færð á eigið fé. Viðaukinn borin undir atkvæði og samþykkur samhljóða með 7 atkvæðum.

Viðauki 8: Samþykkt að auka framkvæmdir við fráveitu um 4.200.000 króna. Breytingin er færð á eigið fé. Viðaukinn borin undir atkvæði og samþykkur samhljóða með 7 atkvæðum.

Viðauki 9: Samþykkt að auka framlag til Félags- og skólaþjónustu A-Húnavatnssýslu um 2.020.761 krónur vegna aukinna framkvæmda við Hnitbjörg. Breytingin er færð á eigið fé. Viðaukinn borin undir atkvæði og samþykkur samhljóða með 7 atkvæðum.



Fulltrúar J-listans lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Vegna viðauka við fjárhagsáætlun 2014 tilkominn vegna framkvæmda við Hnitbjörg vill J-listi spyrja stjórn byggðasamlags um Félags- og skólaþjónustu eftir hvaða verklagsreglum er farið þegar ráða þarf fyrirtæki til verka. Jafnframt verður það að skoðast sem alvarlegt frávik þegar kostnaður fer svo gjörsamlega úr böndum sem orðið hefur í þessu tilviki og er hér með óskað skýringa.“ Undir þetta rita Hörður Ríkhartsson, Harpa Hermannsdóttir og Sindri Páll Bjarnason.

Upphafleg fjárhagsáætlun 2014 gerði ráð fyrir hagnaði af rekstri samstæðu upp á 9,7 milljónir króna. Að teknu tilliti til ofangreindra viðauka mun rekstrarafgangur ársins 2014 verða 4,3 milljónir króna. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að handbært fé í árslok 2014 yrði 17,2 milljónir en að teknu tilliti til ofangreindra viðauka er gert ráð fyrir að handbært fé í árslok 2014 verði 5,9 milljónir króna.

Fjárhagsáætlun ársins 2014 með ofangreindum viðaukum því næst borin undir atkvæði og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

2. Fjárhagsáætlun 2015 – síðari umræða

Lögð fram fjárhagsáætlun 2015 til síðari umræðu. Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri, stiklaði á stóru í stefnuræðu sinni sem lögð var fram á fundinum. Miklar umræður urðu um áætlunina.

Forseti sveitarstjórnar lagði fram eftirfarandi bókun:

„Fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2015 var unnin af byggðaráði og hefur verið góð samvinna milli meirihluta og minnihluta um áherslur við fjárhagsáætlunargerð. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að tekjur vaxi um 38 milljónir frá upphaflegri fjárhagsáætlun 2014 en gjöld um 44 milljónir. Launhækkningar skýra að mestu þessa hækkun gjalda. Niðurstæða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 53 milljónir en var áætluð 2014 um 62 milljónir. Veltufé frá rekstri er 88 m.kr. eða 10,6%. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að skuldir samstæðunnar haldi áfram að lækka og að skuldaviðmið verði um 120% af tekjum í árslok 2015. Stefnt er að sölu einnar íbúðar á árinu 2015. Þá eru lagðir fjármunir til viðhalds og kaupa á búnaði í öllum deildum. Fjárfestingar vaxa á milli ára og er veitt meiri fjármunum til fjárfestinga í langtímaáætlun 2016-2018 en mörg undanfarin ár. Stærsta einstaka framkvæmdaverkefnið ársins 2015 eru endurbætur á Blönduskóla. Ekki eru hækkadar gjaldskrár leikskóla, skólaladageimilis eða skólamáltíða. Aðrar gjaldskrár hækka að jafnaði um 3% milli ára. Rekstrarniðurstæða samstæðunnar er áætluð jákvæð um 8 m.kr.

Í þriggja ára áætlun, fyrir árin 2016, 2017 og 2018, er gert ráð fyrir eignfærðum fjárfestingum að upphæð 150 m.kr. Gert er ráð fyrir lántöku upp á 110 m.kr. en jafnframt verði á þessum árum greidd niður lán um 250 m.kr. á því tímabili sem áætlunin nær til.

Sveitarstjórn fagnar því að upp sé að renna tími aukinna framkvæmda á Blönduósi eftir lögð undanfarinna ára eða frá því að byggingu sundlaugarinnar á Blönduósi lauk. Slíkt sé aðeins mögulegt vegna ábyrgrar fjármálastjórnar og hagræðingar í rekstri undanfarin ár sem og niðurgreiðslu lána sem hefur lækkað vaxtabyrði sveitarfélagsins verulega. Um leið og gengið sé til brýnna framkvæmda sem munu bæta lífs- og búsetuskilyrði í sveitarfélaginu er stefnt að því að halda lántökum í algeru lágmarki jafnframt því að greiða áfram niður skuldir.

Sveitarstjórn vill þakka byggðaráði og starfsmönnum Blönduósbæjar fyrir þá miklu vinnu sem liggur að baki fjárhagsáætlunnar. Sveitarstjórn hefur átt gott samstarf við alla aðila við vinnu og þeirri stefnumörkun sem felst í fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2015.“



J-listinn lagði fram eftirfarandi bókun:

“Unnið hefur verið að fjárhagsáætlun 2015 í samstarfi meirihluta og minnihluta. Undirbúningur og gagnavinna hefur borið nokkur merki þeirra hræringa sem verið hafa í starfsmannamálum á skrifstofu undangengin misseri og væri gott ef festa kæmist þar á. Teflt er á tæpasta vað í fjárfestingum og hefði kannski átt að lækka skuldir frekar en gert er. Stofnanir bæjarins fá þó aukið rými til rekstrar eftir undangengin aðhaldstíma og er það vel. Megi árið 2015 verða sveitarfélaginu til farsældar.” Undir þetta rita Hörður Ríkharðsson, Harpa Hermannsdóttir og Sindri Páll Bjarnason.

Eftirtalдар gjaldskrá og gjöld ársins 2015 taka breytingum eins og hér er greint að neðan:

a) Gjaldskrá fasteignagjalda Blönduósbæjar:

Álagning fasteignaskatts:

A-hluti fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði) er 0,46% af hús- og lóðarmati.

A-hluti fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,46% af hús- og lóðarmati.

B-hluti fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati. Er óbreytt frá fyrra ári.

C-hluti fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,60% af hús- og lóðarmati.

Vatnsgjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,30% af hús- og lóðarmati. Er óbreytt frá fyrra ári.

Fráveitugjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati. Er óbreytt frá fyrra ári.

Lóðarleiga fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 0,62 kr. á fm að lágmarki 8.300 kr.

Sorpgjöld:

Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu: kr. 20.300,-

Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar: kr. 20.300,-

Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli vegna sorpeyðingar: kr. 20.300,-

Reglur um afslátt fasteignagjalda:

1. gr.

Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduósbæ 1. desember 2014.

2. gr.

Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

3. gr.



Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 51.500,-

4. gr.

Tekjumörk á árinu 2014 eru:

Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 2.432.098 fá 100% afslátt.

Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 3.065.744 fá 0% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur allt að.....kr. 3.623.643 fá 100% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur allt að.....kr. 4.669.093 fá 0% afslátt.

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

5. gr.

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.

6. gr.

Falli aðstæður ekki undir ákvæði reglna þessara skal byggðarráð úrskurða um lækkun eða niðurfellingu.

7. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vélrænt á vef Ríkisskattstjóra www.rsk.is í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands.

8. gr.

Ekki þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

9. gr.

Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til skrifstofu Blönduósbæjar eigi síðar en 1. júní 2015.

Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram kr. 20.000,- eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september & 1. október. Gjaldgagi álagðra fasteignagjalda undir kr. 20.000,- er 1. maí. Eindagi gjalddaga eru 30 dagar.

Álagningarstofnar fasteignagjalda og reglur um afslátt fasteignagjalda 2015 bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 samhljóða atkvæðum.

b) Útsvar: Útsvarshlutfall 14,52%

Útsvarshlutfall Blönduósbæjar fyrir árið 2015 borið undir atkvæði og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

c) Gjaldskrá fráveitu vegna rotþróargjalda, gildir frá 1. janúar 2015:

Árlegt rotþróargjald skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2000 lítra	kr. 9.300 pr. pró.
Rotþró 2001-4000 lítra	kr. 11.800 pr. pró.
Rotþró 4001-6000 lítra	kr. 12.800 pr. pró.
Rotþró 6001 lítra og stærri	kr. 16.100 pr. pró.
Aukalosun, hver losun	kr. 9.300 pr. pró.



Gjaldskrá fráveitu vegna rotþróargjalda borin undir atkvæði og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

d) Gjaldskrá fyrir gæludýrahald og hagagöngu hrossa:

Skráningargjald - eingreiðslugjald gildir bæði um hunda og ketti	2.850 kr.
Hundar og kettir - handsömun 1. skipti	9.540 kr.
handsömun 2. skipti	17.175 kr.
handsömun 3. skipti	26.240 kr.
handsömun ekkert leyfi	20.625 kr.
Hundaleyfisgjald, árgjald	9.100 kr.
Kattaleyfisgjald, árgjald	3.250 kr.
Vikugjald á hross í hagagöngu í Vatnahverfi og Kúagirðingu	360 kr.

Gjaldskrá fyrir gæludýrahald og hagagöngu hrossa borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

e) Gjaldskrá fyrir skóladagheimili Blönduskóla:

Gildir frá 1.1.2015

fyrirfram pantaðir tímar – lágmark 5 tímar á viku

vistunargjald:	240.- kr./klst.
hressing:	95.- kr./dag
stakir tímar:	295.- kr./klst.
systkinaafsláttur, 2 barn:	35%
systkinaafsláttur, 3 barn:	100%
forgangshópur:	40%

Gjaldskrá fyrir skóladagheimili Blönduskóla borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

f) Gjaldskrá Blönduskóla:

Skólastofa, stór - leiga í eina nótt	5.246 kr.
Stólar pr. stk. - allt að 24 klst	173 kr.
Skólastofa til fundarhalda 4 klst	3.861 kr.
Skólastofa til fundarhalda, hver viðbótar klst.	822 kr.
Tölvaleiga - hver klst.	422 kr.
Tölvuver 5 klst námskeið	20.668 kr.
Myndvarpi (úr skóla) allt að 24 klst	2.747 kr.
Skjávarpi (úr skóla) allt að 24 klst	5.496 kr.
Ljósritun pr. stk. - hámark 100 stk.	17 kr.

Gjaldskrá fyrir Blönduskóla borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

g) Gjaldskrá Þjónustumiðstöðar:

Vörubíll með krana#	hver klst.	5.624 kr.
Dráttarvél Case#	hver klst.	2.142 kr.



Haugsguga#	hver klst.	1.473 kr.
Kerrur#	daggjald	3.481 kr.
Jarðvegsþjappa#	daggjald	4.687 kr.
Loftpressa (dregin)#	hver klst.	2.544 kr.
<i>#innri leiga - tækjaleiga ekki heimil</i>		
Sláttuorf, daggjald	daggjald	2.544 kr.
Sláttuvél án drífs, daggjald	daggjald	2.075 kr.
Sláttuvél með drífi, daggjald	daggjald	2.410 kr.
Vinnuskóli, sleginn garður, lítill	hvert skipti	6.031 kr.
Vinnuskóli, sleginn garður, meðalstór	hvert skipti	8.075 kr.
Vinnuskóli, sleginn garður, stór	hvert skipti	10.073 kr.
Verkamaður, útseld dagvinna	hver klst.	3.348 kr.
Verkamaður, útseld yfirvinna	hver klst.	6.026 kr.
Vinnuskóli, útseld vinna	hver klst.	1.123 kr.

Gjaldskrá fyrir Þjónustumiðstöð borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

h) Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar:

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN Á BLÖNDUÓSI - GJALDSKRÁ	Verðskrá rá 2015
Stakt gjald fullorðnir (18 ára og eldri)	600
10 miða kort fullorðnir (18 ára og eldri)	4.000
30 miða kort fullorðnir (18 ára og eldri)	8.500
Árskort fullorðinna (18 ára og eldri)	31.000
Stakt gjald börn/eldri borgarar/öryrkjar (börn 8-18 ára)	250
10 miða kort börn/eldri borgarar/öryrkjar (börn 8-18 ára)	1.800
30 miða kort börn/eldri borgarar/öryrkjar (börn 8-18 ára)	4.300
Árskort börn/eldri borgarar/öryrkjar (börn 8-18 ára)	14.000
Leiga á handklæði	450
Leiga á sundfatnaði	450
Sundföt og handklæði	650
Leiga pr braut klst	3.200
Leiga fyrir alla sundlaugina 1 klst	12.500
Stakur tími	1.000
Stakur tími skólaverð (14-18 ára)/eldri borgarar/öryrkjar	700
10 tíma kort - gildir í eitt ár	6.200
10 tíma kort börn (14-18 ára)/eldri borgarar/öryrkjar - gildir í eitt ár	4.500
Mánaðarkort	7.500
Mánaðarkort börn (14-18 ára)/eldri borgarar/öryrkjar	5.100
3 mánaða kort	16.000
3 mánaða kort börn (14-18 ára)/eldri borgarar/öryrkjar	11.300
6 mánaða kort	22.500



6 mánaða kort börn (14-18 ára)/eldri borgarar/öryrkjar	16.500
Árskort	41.000
Árskort, börn (14-18 ára)/eldri borgarar/öryrkjar	29.500
Leiga á sal 1/1 1 klst.	7.200
Leiga á sal 1/3 1 klst.	3.600
Leiga á sal 2/3 1 klst.	5.150
Norðursalur 1 klst.	3.600
Fótbolti stakir tímar (1½ klst.)	750
Fótbolti fyrirframgreitt fyrir tímabilið sept. – des. Einu sinni í viku	8.500
Badminton stakir tímar (1½ klst.)	750
Badminton fyrirframgreitt fyrir tímabilið sept. – des. Tvisvar í viku.	14.500
Körfubolti stakir tímar karlar og konur (1 klst.)	570
Körfubolti fyrirframgreitt fyrir tímabilið sept. – des. Tvisvar í viku	11.000

Gildir frá 1. janúar 2015

Gjaldskrá fyrir Íþróttamiðstöð borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fjárhagsáætlun 2015 og framangreindar gjaldskrá bæjarins borin undir atkvæði í heild og samþykktar með 7 samhljóða atkvæðum.

3. Fjárhagsáætlun 2016-2018 – síðari umræða

Fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir 2016-2018 lögð fram til síðari umræðu. Að umræðum loknum var áætlunin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

4. Staðfesting deiliskipulags

Málsnúmer: 1411003 - Deiliskipulag við Norðurlandsveg.
Sveitarstjórn Blönduósbæjar samþykkir 1. lið fundargerðar Skipulags- umhverfis- og umferðarnefndar frá 13. nóvember 2014 um deiliskipulag við Norðurlandsveg með 7 samhljóða atkvæðum.

5. Samþykktir um úthlutun byggingarlóða á Blönduósi – síðari umræða

Lagðar voru fram til síðari umræðu samþykkir um úthlutun byggingarlóða á Blönduósi. Að umræðum loknum voru þær bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 samhljóða atkvæðum.

6. Fundargerðir:

a) Bygðaráðs frá 18. nóvember 2014

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Liður eitt í fundargerðinni var borinn sérstaklega undir atkvæði og var samþykktur með 7 atkvæðum samhljóða. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.



b) Byggðaráðs frá 24. nóvember 2014

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Liður tvö í fundargerðinni var borinn sérstaklega undir atkvæði og var samþykktur með 7 atkvæðum samhljóða. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

c) Byggðaráðs frá 26. nóvember 2014

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Tillgaga kom fram að vísa lið 2 aftur til byggðaráðs og var það samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt með 7 atkvæðum. Fundi slitið kl. 19:10.

Valgarður Himarsson, forseti (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)
Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)
Harpa Hermannsdóttir (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)
Sindri Páll Bjarnason (sign.)
Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)